

# Afla- og veiðafæratrygging A

## Upplýsingaskjal um vátryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 430 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. vátryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

### Hvers konar trygging er þetta?

Þessi trygging nær yfir afla og veiðafæri sem ekki falla undir húftryggingu bátsins og er seld sem viðbót við hana.



#### Hvað er tryggt?

##### Tryggingin greiðir bætur vegna:

- ✓ Altjóns og hlutatjóns ef skipið strandar, sekkur, því hvölfir eða það lendir í árekstri.
- ✓ Tjóns af völdum bruna.



#### Hvað er ekki tryggt?

##### Tryggingin bætir ekki:

- ✗ Tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.



### Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Loðnu- og síldarnætur falla ekki undir afla- og veiðafæratryggingu en hægt er að tryggja þær sérstaklega í nótatryggingu.



### Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á sömu hafsvæðum og húftrygging skipsins nær til.



### Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarf að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarf að sjá til þess að allar upplýsingar á vátryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarf að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér ber að fara eftir varúðarreglum í skilmálum.



### Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú getur dreift greiðslum með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu þar sem hægt er að greiða iðgiold með mánaðarlegum greiðslum.



### Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



## Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnæsta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.